

Samþykkt um húsnæðismál

5. þing KÍ haldið 6.-8. apríl 2011 samþykkir heimild til stjórnar KÍ til að taka ákvörðun um húsnæðismál sambandsins á næsta kjörtímabili. Meti stjórnin það svo að núverandi húsnæði dugi ekki lengur fyrir starfsemi sambandsins eða að nýbyggingar Landsspítalans þrengi verulega að starfseminni er stjórninni heimilt að gera þær ráðstafanir í húsnæðismálum sem hún telur þurfa. Ákvarðanir stjórnar skulu bornar undir ársfund KÍ til samþykktar.

Greinargerð:

4. þing KÍ samþykkti ályktun um húsnæðismál KÍ. Þar var m.a. kveðið á um úttekt á húsnæðisþörf sambandsins og heimild til að hefjast handa við nýbyggingu við Kennarahúsið fengjust til þess tilskilin leyfi. Mat stjórnar KÍ var að ef byggður yrði fundarsalur á lóðinni og hægt væri þar með að breyta fundarsal í kjallara í skrifstofur væru húsnæðismál sambandsins leyst.

Í byrjun mars 2011 kom svar frá Eignasviði Landsspítala þess efnis að ekki væri hægt að gera ráð fyrir nýbyggingu við Kennarahúsið í vinnu við skipulag spítalans.